



Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík, 1. febrúar 2021.

Efni: Umsögn Verkfraeðingafélags Íslands (VFI) um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, 369. mál.

Verkfraeðingafelag Íslands skilaði 31. október 2019 umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Mál nr. 253/2019. Einnig skilaði félagið umsögn 20. janúar 2020 um drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð. Mál nr. 317/2019.

VFÍ vill áréttta það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum félagsins. **Jafnframt hafa best við athugasemdir við 8. grein er varðar stjórn Hálandisþjóðgarðs og 23. grein um orkunýtingu.**

VFÍ telur nauðsynlegt að huga bæði að verndun og nýtingu við stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Stofnun þjóðgarðs getur haft ýmis jákvæð áhrif en að sama skapi þarf að tryggja að sjálfbær þróun íslensks samfélags verði ekki hindruð með sömu aðgerð. Þá er átt við að tekið sé tillit til allra þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, umhverfis, efnahags og samfélags, til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði er nú margs konar nýting tengd ferðaþjónustu, landbúnaði og ekki síst umfangsmikil nýting endurnýjanlegrar og umhverfisvænnar orku sem nýta má enn frekar í framtíðinni með sjálfbærum hætti og takmörkuðu raski. Rannsóknir sýna sem dæmi að erlendir ferðamenn hrífast af einstakri náttúru landsins sem og sjálfbærri nýtingu á endurnýjanlegum orkuauðlindum.

Íslenskt samfélag tekur stöðugum breytingum. Til framtíðar þarf íslensk þjóð á orku að halda til uppbyggingar atvinnuvega og til að mæta fjölgun landsmanna. Mikilvægt er að sú orka komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt. Þá er mikilvægt að tryggja að flutningur raforku geti átt sér stað á sem hagkvæmasta hátt en þó þannig að flutningsleiðir valdi eins litlu raski og hægt er innan skynsamlegra kostnaðarmarka.

Með því að skipta þjóðgarði í mismunandi flokka eins og víða er gert erlendis má tryggja að ekki verði komið í veg fyrir skynsamlega og sjálfbæra nýtingu orku og aðra nýtingu á þjóðgarðssvæðinu.

Rammaáætlun er sá farvegur sem á Íslandi er nýttur til að stýra vernd og nýtingu náttúrusvæða með tilliti til orkuöflunar, og á að taka tillit til þriggja stoða sjálfbærni. Félagið telur ekki rétt að taka fram fyrir hendurnar á því ferli með því að friða orkuauðlindir gagnvart nýtingu sem ekki hafa verið flokkaðar í verndarflokk.

Uppbygging innviða og manngerðs umhverfis er óhjákvæmileg í þjóðgarði líkt og á öðrum stöðum. Mikilvægt er að slík uppbygging taki mið af sjálfbærni og breyttum þörfum framtíðarinnar.



Athugasemdir við einstakar lagagreinar:

8. gr.

Stjórn Hálandisþjóðgarðs.

Nauðsynlegt er að Landsvirkjun og Landsnet eigi fulltrúa í stjórn Hálandisþjóðgarðs þar sem fyrirtækin eiga og reka mannvirki á hálendinu.

23. gr.

Orkunýting

Varasamt er að gefa ráðherra einum heimild til að skilgreina jaðarsvæði í reglugerð. Þessi svæði bætast við friðlýstu svæðin sem eru ærið yfirgripsmikil. Með svo opinni heimild er ráðherra gert kleift að setja hamlandi ákvæði um allt næsta nágrenni þjóðgarðsins.

Það að binda virkjanir á jaðarsvæðum eingöngu við þær örfáu virkjanir sem verkefnisstjórn þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar hefur lagt til að verði nýttar, útilokar allar smærri virkjanir á þessum svæðum. Virkjanir undir 10 MW þurfa ekki að fara í gegnum verndar- og orkunýtingaráætlun og voru ekki lagðar fyrir verkefnisstjórnina á sínum tíma. Það er því ekki aðeins verið að útiloka allt sem ekki var flokkað í nýtingarflokk í þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, heldur alla aðra möguleika til orkunýtingar. Auk þess hefur þriðji áfangi verndar- og orkunýtingaráætlunar ekki verið samþykktur af Alþingi, þannig að óvíst er að nokkrar virkjanir í nágrenni við þjóðgarðinn verði í boði.

Orkustofnun lagði fram fjölda virkjunarkosta fyrir þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sem ekki var fjallað um af verkefnisstjórn þess áfanga. Það er því allt óljóst með afdrif allra þessara virkjunarkosta. Með þessu mikla valdi sem ráðherra er fært, getur hann í reynd girt fyrir allar frekari virkjanir á stórum hluta landsins án aðkomu alþingis eða faglegrar umfjöllunar.

Að færa einum einstaklingi svo mikið vald getur ekki talist lýðræðislegt eða í samræmi við góða stjórnarhætti, sem skulu byggja jafnræði, faglegu mati og samráði. Ákvæðið gefur ráðherra of víðtækar heimildir til að hefta frelsi komandi kynslóða, til að nýta auðlindir landsins, með þeirri framtíðartækni sem í boði verður.

Það er einnig óeðlilegt að hefta möguleika framtíðarkynslóða til að endurhanna og bæta flutnings- og dreifikerfi raforku eins og best þykir. Í frumvarpinu er njörvað niður að endurnýja eigi þær línur sem eru til staðar í dag, en ekki tekið tillit til nauðsynlegs svigrúms til að breyta og bæta í samræmi við þarfir og tækni hvers tíma.

Ef unnt á að vera að nýta einhverja virkjunarkosti, stóra eða smáa, á þessu ótilgreinda svæði í framtíðinni þarf að vera hægt að tengja þá við flutnings- eða dreifikerfi raforku. Kynslóðir framtíðarinnar þurfa að geta endurskoðað tengingar og gera nauðsynlegar endurbætur, án þess að fyrirkomulag dagsins í dag hefti og hamli. Mögulega verða í boði einhverjar ófyrirsjáanlegar lausnir sem eru hagkvæmari og umhverfisvænni en það sem við þekkjum í dag. Raforkuflutningskerfið á Íslandi byggir á áratuga gamalli



og úrsérgenginni hönnun, sem stenst ekki kröfur nútímans. Kerfið er alls ekki til þess fallið að þjóna íslenskri þjóð til framtíðar.

Í lok 6. mgr. stendur: *Jafnframt eru nýjar háspennulínur í lofti ekki leyfðar í þjóðgarðinum.*

VFÍ telur þetta of víðtækt. Fyrir því má færa ýmis rök. Krafa um aðgengi að orku víða um land krefst mannvirkja til að flytja hana, sem í einhverjum tilfellum gæti kallað á línur innan þjóðgarðs þar sem hann nær yfir stóra hluta landsins. Verði af virkjun orkukosta í nýtingarflokki innan þjóðgarðsins þarf jafnframt að vera leyfilegt að flytja orkuna. Sú staða getur komið upp að endurnýja þurfi háspennulínur og breyta á þann hátt að þær valdi minna raski en eldri línur. Þá ber að hafa í huga að jarðstrengir geta valdið mun meira óendurkræfu raski á náttúrunni en háspennulínur, eins og til dæmis í gegnum hraun. Loftlínur er hægt að fjarlægja án þess að nokkur ummerki sjáist síðar. Af tæknilegum ástæðum er í mörgum tilfellum ekki hægt að nýta jarðstrengi við flutning á raforku með hárri spennu.

Reykjavík, 1. febrúar 2021.

Stjórn Verkfæðingafélags Íslands.